

## 1. gr.

Við bætist ný 13. gr. og töluröð síðari greina breytist til samræmis. Nýja greinin orðist svo:

Umhverfisráðuneyti fer með mál er varða:

1. Alhliða umhverfisvernd, eftirlit með náttúruvernd, gróðurvernd og mengunarvörnum svo og gerð landnýtingaráætlana í samráði við önnur ráðuneyti, sveitarstjórnir og stofnanir.
2. Samræmingu aðgerða ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga við framkvæmd umhverfismála, svo sem varðandi löggjöf um losun úrgangsefna og varnir gegn loft-, hávaða-, titrings-, geislunar-, ljós-, varma- og lyktarmengun.
3. Fræðslu- og upplýsingastarfsemi um umhverfismál.
4. Umhverfisrannsóknir í samstarfi við stofnanir sem starfa að umhverfismálum.
5. Alþjóðasamskipti á sviði umhverfismála.

## 2. gr.

Í stað orðanna „2.–14. gr.“ í núverandi 15. gr. er verður 16. gr. komi: 2.–15. gr.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 8. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytið, 23. febrúar 1990.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við lögin komi ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. skal gjalddagi bifreiðagjalds, vegna gjaldtímabilsins 1. janúar til 30. júní, vera 1. apríl 1990.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1990.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*